



Byggðasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla 2008



Predikunarstóll úr Keflavíkirkirkju fluttur.

*Reykjanesbæ: 29. janúar 2009
Sigrún Ásta Jónsdóttir*

Starfsemin

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að menningararfleifðinni og vekja athygli á henni. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Björn Ragnarsson safnvörður bæði fastráðin í 100% starfi. Helga Ingimundardóttir, safnvörður, var í 100% frá 1. maí og út árið. Hildur Harðardóttir leysti Helgu af í sumar.

Rekstur og styrkir

Heildarvelta safnsins var kr. 28.123.497. Þar af voru laun og launatengdar greiðslur alls kr. 12.903.901, eða rétt tæpur helmingur af ráðstöfunarfé. Húsaleiga og hússjóður var smt kr. 11.978.508.

Styrkur fékkst frá Safnaráði kr. 2.500.000, rekstrarstyrkur. Frá Menningarráði Suðurnesja, kr 800.000, í tvö verkefni, söfnun munnlegra heimilda og fornleifarannsóknir í Höfnum.

Helstu samstarfsverkefni

Unnið var að innleiðingu stafræns myndabanka ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Reykjanesbæjar.

Forstöðumaður vann í faghóp um undirbúning CECA fundar sem haldinn verður á haustdögum 2009. CECA eru alþjóðleg samtök safnkennara og er hluti af ICOM, alþjóðasamtökum safnmanna, var fundað reglulega á árinu.

Unnið var að útvegum mynda vegna pestsetraseturs á Útskálum, um er að ræða fermingahópmyndir eftir Heimi Stígsson.

Einnig var unnið að útvegum mynda fyrir Keflavíkurkirkju fyrir vef þeirra og í bók um kirkjuna.

Unnið með Poppminjasafni Íslands að safnfræðilegum verkefnum.

Aðstoð við Hauk Aðalsteinsson vegna rannsóknarverkefnis hans um þróun fiskveiða í eldri tíð.

Í samvinnu við Leiðsögumenn Reykjaness ses var boðið upp á sögugöngu á Ljósanótt í Innri Njarðvík, Rannveig Garðarsdóttir var leiðsögumaður, komið var við í Njarðvíkurkirkju og Njarðvík, húsi safnsins.

Setið var á nokkrum undirbúningsfundum vegna framkvæmda í Bryggjuhúsi í Duushúsum.

Unnið að menningarstefnu Reykjanesbæjar.

Fundir og ráðstefnur

Vildarvinum Byggðasafns Reykjanesbæjar ásamt fulltrúum frá Sandgerðisbæ og Garði var boðið upp á námskeið í viðtalstækni 30. janúar. Unnur María Bergsveinsdóttir frá Miðstöð um munnlega sögu sá um námskeiðið.

Forstöðumaður sótti ráðstefnu um aðgengismál á söfnum sem haldin var á Þjóðminjasafni Íslands, 23. apríl.

Námsfundur um “samdok” aðferðafræðina, haldinn á Þjóðminjasafni Íslands, 9. maí. Í því samhengi var ákveðið að Byggðasafnið tæki þátt í tilraunaverkefni “leikir barna við upphaf 21. aldar”.

Þann 9. nóvember var haldin ráðstefna í Bíósal undir heitinu: “Gamli bærinn minn”. Páll V. Bjarnason, Karl Steinar Guðnason og Helga Ingimundardóttir fluttu erindi.

Endurmenntun

Forstöðurmaður og starfsmenn (Helga og Björn) ásamt fræðslufulltrúa Duushúsa Guðlaugu Maríu Lewis, sóttu farskóla safnmanna sem haldinn var á Ísafirði dagana: 17. til 19. september.

Breytingar á rekstri safnsins og flutningur í nýtt húsnæði.

Ákveðið var að Skjalasafn Reykjanesbæjar yrði undirstofnun hjá Byggðasafninu. Samið var við Gagnavörsluna ehf um húsnæði fyrir allan varðveislukost bæjarins undir umsjón Byggðasafnsins. Hafist var handa við að flytja starfsemina á vormánuðum og var allur safnkosturinn; munir, myndir og skjöl fluttir í byggingu 868 á Vallarheiði, á tímabilinu 1. mars til 1. júlí. Í árslok var lokið við að koma muna- og myndasafni fyrir en ekki tókst að ná fram samkomulagi við Gagnavörsluna varðandi skjala- og listasafnið. Þannig að Listasafnið hefur ekki verið flutt í bygginguna utan nokkur verk og skjalasafnið er að mestu enn á brettum meðan beðið er úrlausna. Lokið var við og samþykkt ný starfsstefna fyrir safnið ásamt endurskoðun á stofnsamningi þess.

Sýningar og þjónusta

Duushús

Sýningar í Gryfju og Bátasal voru óbreyttar. Bátalíkon voru skráð í safnskrá.

Bíósalur: Sólveig Dagmar Þórisdóttir, setti upp sýninguna “För hersins” sem hún vann sem lokaverkefni við Háskóla Íslands, kom sýningin frá Þjóðarbókhöfuðu. Hún var opnuð 8. mars og lauk 13. apríl.

19. til 20. apríl kynning á Flug- og sögusetri Reykjaness, einkum söfn Hinriks Steinssonar og Sævars Jóhannssonar. Auk þessa bílar m.a. frá Tómasi Knútssyni.

Á sjómannadaginn var boðið upp á myndasýningu og einnig var kynning á söfnun munnlegra heimilda. Nokkrir aldnir sjómnen deildu reynslu sinni.

Á 17. júní var boðið upp á myndasýningu, bæjarlífsmyndir.

Á aðventunni var elsta árgangi leikskóla bæjarins og yngsta árgangi grunnskólans boðið í leikhús í Bíósal Duushúsa, var þessi dagskrá í samvinnu við aðrar menningarstofnanir bæjarins.

Sérstakur fræðslufulltrúi var ráðinn við Duushúsin, Guðlaug María Lewis, kenanri. Hún lagði áherslu á að kynna starfsemi safnanna fyrir leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum bæjarins. Bréf voru send til skólanna um þá dagskrá sem í gangi var hverju sinni og skólarnir hvattir til að koma í heimsókn og fá formlega leiðsögn um sýningarnar. 1.450 leikskólanemar heimsóttu söfnin, grunnskólanemar voru um 1.700 og framhaldsskólanemar um 300. Samtals sóttu þannig um 3.500 nemendur söfnin heim í Duushúsum á árinu.

Heildarfjöldi gesta í Duushús: 43.900.

Stekkjarkot

Gerður var samningur við Íslending ehf að hann tæki að sér að reka kotið sumarið 2007 og 2008. Erfitt er að telja gesti inn í Stekkjarkot þar sem svæðið er svo opið en áætlað er að milli 10 og 15 þúsund gestir hafi komið.

Þorakistur voru afhendar leikskólum Reykjanesbæjar frá 24 janúar, voru tvær í gangi. Þá nýttu leikskólar sér það að fá kotið lánað viku í senn á þorratímanum.

Laugardagana 22. og 29. nóvember, var barnadagskrá, um jólaundirbúning í eldri tíð.

Njarðvík, í Innri Njarðvík

Átak var gert í viðhaldi hússins, sett upp salerni og hitaveita tekin í húsið. Þar með opnaðist grundvöllur til að halda úti reglulegri starfsemi í húsinu. Húsið var allt þrifið, settar nýjar gardínur og ýmislegt gert til að ná fram anda liðins tíma í húsinu. Helga Ingimundardóttir var ráðin til að taka á móti gestum. Hildur Harðardóttir leysti hana af. Húsið var opið daglega frá 17. júní til 31. ágúst frá kl 13 til 17. Á sama tíma var Njarðvíkurkirkja opin, en áhugamenn í söfnuðinum sáu um kirkjuna. Fjöldi gesta:840 sem skráðu sig í gestabók.

Aðrir staðir

Bókasafn: Sett var upp ein örsýning um leirker, á Ljósanótt var sett upp ljósmyndagreiningarsýning á myndum úr safni Ólafs Þorsteinssonar auk örsýningar um myndavélar..

Ráðhús Reykjavíkur.

Reykjanesbær var sérstakur gestur á Menningarnótt, sett var upp sýning á bátalíkönum Gríms Karlssonar, brot úr sýningunni Vagg og velta og kynning á Flug- og sögusetri Reykjaness og Hljómahöllinni. Unnið í samráði við Ólaf Engilbertsson sýningahönnuð.

Bygging 350, gamla kirkjan á Vallarheiði.

Á Ljósanótt opnuð sýning gerð af Friðþóri Eydal árið 2001 í tilefni 50 ára afmælis veru Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Einnig voru spjöldin frá Menningarnótt sýnd. Sýningin var einnig opin tvær helgar. Unnið í samvinnu við Flug og sögusetur Reykjaness.

Útlán

Myndlistamanninum Unnari Auðunssyni voru lánaðir nokkrir smáhluti til að setja á sýningu hans í New York, vour þetta aðallega náttúrugripir.

Yfirlit yfir sýningar

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 43.900. Áætlað er um 10 þúsund gestir hafi komið að Stekkjarkoti og víkingaskipið. Gestir í Njarðvík voru um 840 talsins.

Þannig að heildarfjöldi gesta áætlað er milli 45 til 55 þúsund yfir árið.

Safnkosturinn

Munasafn BYR

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót eru 8804 færslur. Nýskráningar árið 2008 voru 941 færsla, þar af ný aðföng 489, úr fórum safnsins 452 færslur.

Enn hefur ekki tekist að ljúka skráningu brúðusafns Helgu Ingólfssdóttur um 200 færslur.

Myndasafn MYR, FHS, HVO.

Myndasafninu er skipt í þrjú meginöfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum. Við flutningin fékk safnið nokkra stálskúffuskápa að gjöf sem voru nýttir til að setja allt filmusafn Heimis Stígssonar í. Einnig voru þeir notaðir til að sortera pappíra og myndir.

Myndasöfnin þrjú eru skráð með mismunandi hætti. Í almenna safninu er hver mynd skráð, í dag eru 32.949 þúsund myndir skráðar en yfir 10 þúsund myndir hafa verið skráðar á árinu. Einkum er það vinna sem starfsmenn unnu samhliða því að taka á móti gestum í Njarðvík. Enn er töluvert eftir óskráð. Mjög mikil vinna er eftir við að flokka þessar myndir, umbúðavæða, grisja og skanna inn valdar myndir.

Filmusafn Heimis er skráð samkvæmt tókum og eru núna skráðar tæplega 45 þúsund tukur í safninu hans. Er sú skráning lunginn úr safninu en þó er töluvert eftir að skrá en erfitt er að meta hve há sú tala er. Ljóst er að mikil vinna er eftir við að flokka og skrá það sem enn er óskráð. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og síðan að grisja og skanna inn valdar myndir.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar filmur frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um alla skráningu og veitir alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi.

Skjalasafn Reykjanesbæjar, SKR

Hafist var handa við að byggja upp gagnagrunn fyrir Skjalasafnið, við áramót voru komnar 451 færslur í skrána, einkum bæjarskjöl. Keyptir voru umbúðarkassar.

Rannsóknir

Hafist var handa við að koma af stað söfnun munnlegar heimilda. Keyptur hefur verið vandaður upptökubúnaður og boðið var upp á námskeið um öflun munnlega heimilda. Undir lok ársins hófst vinna við undirbúnings sýningarinnar Völlurinn sem opna á 30. mars 2009.